

REGLUGERÐ**um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 118****31. desember 1984.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum veiðisvæðum og tímum.

- A. Í Héraðsflóa, frá 15. ágúst 1985 til 31. desember 1985, frá línu réttvísandi aust-norðaustur af Bjarnareyjarvíta að línu réttvísandi aust-norðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V) utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar, frá 1. september 1985 til 31. desember 1985, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvíta í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum, frá 1. september 1985 til 31. desember 1985, utan línu, sem dregin er 8 sjómíllur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum 81/1976, frá línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavíta í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavíta norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 118 31. desember 1984, um breytingar á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. ágúst 1985.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

*Jón B. Jónasson.***REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 335 18. maí 1983****um sölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Afgreiðslutími útsölastaðanna skal aldrei vera lengri en almennra verslana.

Útsölastaðirnir skulu vera lokaðir á helgidögum þjóðkirkjunnar, á laugardögum og aðfangadag jóla. Ennfremur skulu útsölastaðirnir lokaðir þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.